



Reglur Fjarðabyggðar um framlög til stjórnmalasamtaka er bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga

1. gr.

Bein fjárframlög

Í 5.gr. laga nr. 162/2006 um fjármála stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra er kveðið á um fjárframlög til stjórnmalasamtaka.

5. gr. Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum.

Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmalasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

Á grundvelli 5.gr. laga nr. 162/2006 eru reglur Fjarðabyggðar um framlög eftirfarandi.

- Framlag til stjórnmalasamtaka skal ákvarðað í fjárhagsáætlun ár hvert eða eftir samþykkt bæjarstjórnar hverju sinni. Úthlutun fer fram til þeirra stjórnmalasamtaka sem hlotið hafa einn mann kjörinn eða a.m.k. 5% atkvæða og skal framlagi hvers árs úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.
- Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að ný stjórnmalasamtök sem fá einn mann kjörinn eða a.m.k. 5% atkvæða fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum. Framlög á kosningarári skulu greidd í tvennu lagi 5/12 fyrir liðið kjörtímabil og 7/12 fyrir komandi kjörtímabil.
- Framlag skal greitt til stjórnmalasamtaka í samræmi við samþykktir þeirra.

2. gr.

Afnot af húsnæði og aðstöðu

Stjórnmalasamtök í sveitarfélaginu sem hafa fengið einn mann kjörinn eða a.m.k. 5% atkvæða hafa endurgjaldslausan aðgang að húsnæði sveitarfélagsins til félagsstarfs síns.

Með staðfestingu þessara reglna falla eldri reglur úr gildi.

Fjarðabyggð 31. mars 2022

Jón Björn Hákonarson
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði 28.3.2022
Samþykkt í bæjarstjórn 31.3.2022